



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## ÁSLANDSSKÓLI GEGN EINELTI

### SAMAN GEGN EINELTI

Þann 8. nóvember er í þriðja sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti hér á landi. Á þessum degi er þjóðin hvött til að standa saman gegn einelti í samfélaginu, ekki síst í skólum og á vinnustöðum.

Allir eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að einelti fái ekki þrifist í samfélaginu og skólar, samtök og vinnustaðir eru hvattir til að beina sjónum að jákvæðum samskiptum, jákvæðum skólabrag og jákvæðum starfsanda.

### ÞJÓÐARSÁTTMÁLI

Í tengslum við daginn eru allir hvattir til að skrifa undir þjóðarsáttmála gegn einelti, sem er aðgengilegur á heimasíðunni, [www.gegneinelti.is](http://www.gegneinelti.is).

Með undirritun sinni skuldbindur fólk sig til að vinna gegn einelti og markmiðið er að fá sem flesta til að skrifa undir.

### JÁKVÆÐ SAMSKIPTI

Við í Áslandsskóla beinum athygli okkar daglega að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu í okkar skólastarfi. Það munum við þó gera enn frekar í vinavíkunni og

kynnum því þjóðarsáttmálann fyrir nemendum.

### SKRIFUM UNDIR

Útbúið verður sérstakt undirskriftablað á vegg í anddyri skólans og ætlum við að hvetja nemendur til að skrifa undir sáttmálann. Við viljum einnig hvetja þá foreldra sem koma því við að kíkja inn og skrifa undir sáttmálann.

### SMT LOTTÓ

Í vinavíkunni verður sett í gang SMT lottó líkt og undanfarin skólaár. Þá er 100 sérmerktum fuglum dreift og lukkulegir fara í sérstakan verðlaunapott.

## MÆTUM Í GULU EÐA GRÆNU

Þann 8. nóvember, föstudag, ætlum við að einblína á **ábyrgð og tillitssemi**.

Í SMT reglutöflunni okkar er ábyrgð með gulan lit og tillitssemi með grænan lit.

Því viljum við hvetja nemendur og starfsfólk til að mæta í einhverju gulu eða grænu þann 8. nóvember.



FLÓRGOÐINN er fréttablað ÁSLANDSSKÓLA

Öll tölublöð Flórgoðans er hægt að finna á vefsetri skólans

<http://www.aslandsskoli.is/florgodinn.htm>

# ÞJÓÐARSÁTTMÁLI GEGN EINELTI

„Við undirrituð skuldbindum okkur til þess að vinna af alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar.

Við munum standa vörð um rétt fólks til þess að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt.

Við munum sérstaklega gæta réttar barna og ungmenna sem og einnig allra hópa sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd. Við munum öll hvert á okkar sviði, skuldbinda okkur til þess að hafa áhrif til góðs á nánasta umhverfi okkar.

Við ætlum að vera góð fyrirmynd og leggja okkar af mörkum til þess að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.”

## EINELTI EKKI LIÐIÐ HÉR

Nú í vetur hafa Kolbrún skólasálfræðingur og Júlíana námráðgjafi farið inn í 1.-10. bekki og rætt við nemendur um einelti, skerpt á samskiptareglum og minnt á grunnþætti samskipta. Nemendum er sérstaklega gert grein fyrir því að einelti er ekkert annað en ofbeldi sem bannað er með lögum og að við lítum mjög alvarlegum augum á einelti í hvaða mynd sem er. Farið var í margvíslegar birtingarmyndir eineltis og hverjar afleiðingar þess geta orðið fyrir þolendur eineltis.

Mikilvægt er að halda umræðunni lifandi og að

forráðamenn ræði við börn sín um þessi mál, en umræðupunktarnir eru inni á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar eru svo reglulega minntir á að taka upp þessa umræðu meðal nemenda sinna.

Núna í október var lögð fyrir **Könnun um líðan** fyrir nemendur í 1.-5. bekk en það er reglulegur liður í forvarnarstarfi okkar. Verið er að vinna úr heildarniðurstöðum og munu allir forráðamenn fá helstu niðurstöður sendar rafrænt eins og venjan hefur verið síðastliðin ár. Nemendur í 6.-10. bekk taka í vetur þátt í könnun gegnum Skólapúlsinn.

## RÉTTINDI MÍN

**Ég á rétt á virðingu og vingjarnlegu viðmóti.**

Það þýðir að enginn mun hlægja að mér, hafna mér eða særa mig á nokkurn hátt.

**Ég á rétt á að komið verði fram við mig sem sjálfstæðan einstakling.**

Það þýðir að enginn mun sýna mér óréttlæti, t.d. vegna áhugamála minna, vegna þess að ég er stelpa eða strákur, feit/feitur eða horuð/horaður, fljót/fljótur eða sein/seinn.

**Ég á rétt að vera örugg/öruggur í skólanum.**

Það þýðir að enginn mun slá mig, sparka í mig, hrinda mér eða meiða mig á annan hátt.

**Ég á rétt á að læra um sjálfa/sjálfan mig í skólanum.**

Það þýðir að ég get tjáð skoðanir mínar og tilfinningar án þess að ég sé trufluð/truflaður eða mér sé refsað.

**ÉG Á RÉTT Á AÐ VERA VIRT/VIRTUR BÆÐI FYRIR STYRKLEIKA MÍNA OG VEIKLEIKA.**

# VINAVIKA Í ÁSLANDSSKÓLA

## *Ljót orð særa—falleg orð næra*

Víkuna 4.-8. nóvember 2013 er vinavika í Áslandsskóla. Í þessari viku, nánar tiltekið föstudaginn 8. nóvember, er einnig **Dagur gegn einelti**.

### HRÓS

Í Áslandsskóla verða unnin ýmiss verkefni í vinavikunni. Þema vikunnar er HRÓS. Fjallað verður sérstaklega um hrós í öllum árgöngum. Farið verður yfir hve góð tilfinning það er að vera hrósað og maður eigi ekki að spara það að hrósa öðrum.

Sérstaklega verður fjallað um að ljót orð særa en falleg orð næra sálina.

Ýmsir eiga í erfiðleikum með að taka því að vera hrósað, einkennilegt að segja en svona er það nú samt. Því verður líka rætt við nemendur hvernig maður tekur því að vera hrósað og gerðar æfingar þessu tengt.

### TRABB

Vinabekkir munu spila saman eineltisspilið **TRABB**. Spilið gengur út á að kenna börnum hvað einelti er og hvað það er að vera góður vinur. Með því að spila spilið viljum við koma í veg fyrir einelti á áhugaverðan hátt. Það sem börn læra í gegnum spilið um einelti, vekur í undirmeðvitund boðskap og heilræði gegn einelti. Spilið er borðspil og inniheldu 50 spil til að draga, 4 spilapeð og tening.

### ÞJÓÐARSÁTTMÁLI

Eins og fram kemur á forsiðu Flórgoðans undirritum við þjóðarsáttmála gegn einelti. Sáttmálanum verður komið fyrir á vegg í anddyri skólans og þar geta nemendur, starfsmenn og foreldrar skrifað undir sáttmálann. Sérstaklega væri gaman ef foreldrar sjá sér fært að kíkja við og skrifa undir.

## VINABEKKIR Í ÁSLANDSSKÓLA 2013-2014

4. EP	8. ERK	1. bekkur er með 2 vinabekki	
4. AKJ	8. BEÁ		
4. SP	8. VBP		
3. GH	9. EB	5. AHS -	1. FRP
3. HS	9. SER	5. AÓ	1. HHS
6. HLB	2. ÁR	5. HF	1. SJS
6. ÓP	2. HDB	10. GGG	1. FRP
7. BBB	2. MBG	10. MR	1. SJS
7. SL	2. JDL	10. RLS	1. HHS

## HVAÐ ER EINELTI ?

Einelti er félagslegt fyrirbæri. Einelti er kallað þegar hópur einstaklinga reynir að útiloka einn eða hugsanlega fleiri út úr hópnum með öllum mögulegum hætti og fórnarlambið upplifir sig óvelkomið í og útilokað af hópl, sem það getur ekki annað en tilheyrt, t.d. vinnuhóp, skólabekk, fjölskyldu ofl.



### Dæmi um einelti:

- Stöðug stríðni
- Gera fórnarlambið að aðhlátursefni
- Einangra það og útskúfa
- Líkamleg valdbeiting

## HVERNIG GETUM VIÐ ÖLL UNNIÐ GEGN EINELTI ?

### Við verðum að:

- Taka einelti alvarlega og koma í veg fyrir að það eigi sér stað
  - Afla góðra upplýsinga þegar við verðum vör við einelti
  - Hvetja börnin til að segja frá einelti og styðja við bakið á þeim
  - Hjálpa sérhverju barni sem verður fyrir einelti
  - Aðstoða börn sem leggja önnur börn í einelti, við að breyta hátterni sínu
  - Upplýsa börn og fullorðna um að einelti skekki sjálfsmynd og skerði sjálfstraust barna sem fyrir því verða, auk þess sem það stofnar þeim í sérstaka áhættu
- **LÁTUM VITA EF VIÐ VERÐUM VÖR VIÐ EINELTI**

## EINELTISFERLI Í ÁSLANDSSKÓLA

Í Áslandsskóla er sérstakt verkferli um meðferð og tilkynningar eineltismála. Ferlið finnið þið á vefnum okkar <http://www.aslandsskoli.is/nemendavernd.htm>

Fleiri upplýsingar eru einnig að finna á vefsvæði námsráðgjafa og skólasálfræðings.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

**FLÓRGÓÐINN**

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson  
skólastjóri